

gangsrétt tiltekinna kröfuhafa til greiðslu úr búi. Eins og rakið var hér að framan, var sóknaraðili ekki ráðinn til starfa hjá Sælgætisgerðinni Víkingi h/f sem launþegi samkvæmt tilteknum kjarasamningi eða með sérstökum ráðningarsamningi, heldur tók hann að sér að vinna tiltekið verk fyrir félagið utan reglulegs vinnutíma fyrir tímavinnukaup, sem hann virðist hafa sett upp sjálfur. Réttarsambandið milli aðiljanna var því ekki eins og tíðkast milli vinnuveitanda og launþega, heldur verður að telja, að sóknaraðili hafi tekið umrætt verkefni að sér sem sjálfstæður verktaki. Skiptir í því sambandi ekki máli, hvar verkið var eða skyldi unnið. Er því ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðilja í máli þessu.

Ekki er krafist málskostnaðar í máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðilja, Erlings B. Thoroddsen, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. október 1983.

Nr. 121/1981. **Jón Oddsson**

(sjálfur)

gegn

Ingólfinu Eggertsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Lögmannspóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. maí 1981. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum stefndu og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Oddsson, greiði stefndu, Ingólfínu Eggertsdóttur, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. maí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var miðvikudaginn 6. maí, höfðaði Ingólfína Eggertsdóttir, Hagamel 53, Reykjavík, gegn Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni, Garðastræti 2, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. desember 1980.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni skuld að fjárhæð kr. 3.190.75 með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember s. á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ að mati dómsins. Til vara, að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, þ. á m. vaxtakröfur, og aðeins teknar til greina að óverulegum hluta og málskostnaður falli þá niður.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

Málavextir

Hinn 24. apríl 1978 var gefið út leyfi í borgardómi Reykjavíkur til skilnaðar að borði og sæng til handa stefnanda og eiginmanni hennar, Sigurbirni Guðmundi Björnssyni. Hjónaskilnaðarmálið hafði verið tekið fyrir af yfirborgardómaranum í Reykjavík sama dag. Áður, eða 19. apríl, höfðu hjónin undirritað svofellda skilnaðarskilmála:

„Við undirrituð hjón Ingólfína Sigríður Eggertsdóttir, f. 10. maí 1924, og Sigurbjörn Guðmundur Björnsson, f. 17. mars 1921, bæði til heimilis að Nesveg 59 í Reykjavík og gengum í hjúskap 9. desember 1944 og höfum nú orðið ásátt um að æskja skilnaðar að borði og sæng, gerum með okkur svofellda

SKILNAÐARSKILMÁLA

1. Við eigum saman 4 börn, þ. e. Arnar, f. 1945, Þráinn, f. 1947, Bergljót, f. 1955, og Steingerður, f. 1961. Börnin verða öll komin yfir 17 ára aldur 15. apríl 1978, og kemur því ekki til greina að semja um forræði eða meðlagsgreiðslur.

2. Eignir bús okkar eru: risibúð í húsinu nr. 59 við Nesveg í Reykjavík, nánar tiltekið 33% hússins nr. 59 við Nesveg og $\frac{1}{3}$ meðfylgjandi eignarlóðarréttinda, eignin er háð ákvæðum laga um byggingasamvinnufélög og þinglesin á nafn Sigurbjörns G. Björnssonar. Nánar tilgreint er hér um að ræða 5 herbergja íbúð, eldhús og baðherbergi ásamt stóru geymslulofti í efra risi hússins og hlutdeild í sameign og eignarlóðarréttindum ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber. Íbúðin, sem er að hluta undir risi, er á annarri hæð hússins. Aðrar eignir búsins eru innbú og lausafjármunir í íbúðinni, 2 stk. hlutabréf í Nýju-Sendibílastöðinni h.f., Reykjavík, sendiferðabifreið af Chevrolet-gerð, peningar og aðrir lausafjármunir. Skuldir eru áhvílandi veðskuldir á fasteigninni svo og opinber gjöld, sbr. álagningu 1978 vegna tekna 1977.

Eignaskipti fari þannig fram:

a) Í hlut konunnar kemur ofangreind fasteign að nr. 59 við Nesveg í Reykjavík, og tekur konan að sér greiðslur allra áhvílandi veðskulda og aðra skatta og skyldur af eigninni. Skal við undirskrift samnings þessa ofangreind fasteign þinglesin af nafni mannsins yfir á nafn konunnar. Í hlut konunnar kemur og allt innbú og lausafjármunir, sem eru í íbúðinni, þ. á m. borðbúnaður og eldhúsáhöld. Þó skal maðurinn fá í sinn hlut persónulega muni af innbúi. Þá skal maðurinn greiða konunni í peningum kr. 500.000.00 við undirskrift þessa samnings.

b) Í hlut mannsins kemur ofangreind sendiferðabifreið af Chevrolet-gerð, 2 stk. hlutabréf í Nýju-Sendibílastöðinni h.f., Reykjavík, svo og persónulegir munir, sbr. ofangreint. Konan tekur að sér, sbr. lið a) hér að ofan, greiðslur allra áhvílandi veðskulda á ofangreindri fasteign og aðrar skyldur og gjöld varðandi fasteignina, en maðurinn greiðslur annarra skulda, þ. á m. vegna opinberra gjalda, sbr. og álagningu 1978 vegna tekjuársins 1977.

3. Hvorugur aðili gerir kröfu um lífeyri.

Samkomulagi þessu til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 19. apríl 1978

Ingólfína Eggertsdóttir

Sigurbjörn G. Björnsson

Vottar:

Jón Oddsson

Valg. Bára Guðmundsd.“

Stefnandi leitaði lögfræðilegrar aðstoðar hjá stefnda vegna skilnaðarins, og lét stefndi þá aðstoð í té.

Eins og fram kemur í skilnaðarskilmálunum, bar eiginmanni stefnanda að greiða henni gkr. 500.000 í peningum við undirskrift þeirra, en greiðslan mun þó ekki hafa farið fram. Að því er segir í stefnu mun eiginmaður stefnanda um svipað leyti og gefið var út leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng hafa greitt fjárhæðina til stefnda, sem síðan hefur haldið henni, og er það óumdeilt í málinu.

Stefndi sendi síðan stefnanda svohljóðandi reikning, dagsettan 14. nóvember 1978:

„VIÐSKIPTAREIKNINGUR

An: Innborgað		kr. 500.000.00
Útlagður kostnaður	kr. 14.725.00	
Lögfræðiaðstoð v/skilnaðarmáls	— 487.000.00	
	kr. 501.725.00	kr. 500.000.00

Skuld því kr. 1.725.00“

Stefnandi taldi reikning þennan allt of háan og óskaði eftir því, að stefndi sundurliðaði hann. Stefnandi fékk svohljóðandi sundurliðun á reikningnum í bréfi, dags. 23. nóvember 1978:

„SUNDURLIÐUN REIKNINGS DAGS. 14. NÓVEMBER 1978.

1. Samkvæmt 16. gr. gjaldskrár L.M.F.Í	kr. 67.000.00
2. Samkvæmt 16. gr. gjaldskr. 15. gr. C liður	— 800.000.00
	Samtals kr. 867.000.00
3. Mót og ferðir v/þingl. og fleira	— 20.000.00
	kr. 887.000.00
Frádrag vegna einkasölu á fasteign	— 400.000.00
	kr. 487.000.00

4. Útlagður kostnaður:

Þingl.	kr. 6.875.00
Lóðarskrá	— 500.00
Fasteignamat	— 50.00
Endurr. og birtingark.	— 5.000.00
Bílkostnaður	— 4.500.00
	kr. 14.725.00

Samtals kr. 501.724.00.“

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979, sendi stefnandi Lögmannafélagi Íslands reikning þennan ásamt sundurliðuninni. Í bréfinu setur hún fram þá ósk, að athugað verði, hvort reikningurinn geti staðist, og lýsir enn fremur viðskiptum sínum við stefnda. Þetta mál var tekið fyrir á fundi stjórnar Lögmannafélagsins 24. janúar og þar ákveðið að senda stefnda endurrit af bréfi stefnanda til umsagnar. Stefndi sendi Lögmannafélaginu umsögn í bréfi, dagsettu 6. febrúar. Segir m. a. eftirfarandi í bréfi þessu:

„Reikningur fyrir mín störf fyrir kæranda var að fjárhæð kr. 501.725.00 og var samin með hliðsjón af lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. Sundurliðast hann þannig:

A. Sbr. 16. gr.	kr. 67.000.00
B. Sbr. 16. gr., sbr. 15. gr. C liður	— 400.000.00
C. Mót og ferðir v/þingl. og fl.	— 20.000.00
D. Útlagður kostnaður, sbr. sundurliðun í reikning	— 14.725.00
	<hr/>
	Samtals kr. 501.725.00
Innborgað	kr. 500.000.00
Leiðrétting vegna vanreikn. útlagðs kostnaðar ..	— 2.200.00
Mismunur	— 3.925.00
	<hr/>
	kr. 503.925.00
	<hr/>
	503.925.00

Eftirstöðvar því kr. 3.925.00.“

Enn ritar stefnandi Lögmannafélaginu bréf, dags. 20. febrúar 1979. Í upphafi þess segir svo:

„Ég hef móttekið bréf frá L. M. F. Í., dags. 8. febrúar 1979, ásamt hjálögðu afriti af bréfi frá Jóni Oddssyni, hrl., til L. M. F. Í.

Ég átta mig ekki fyllilega á því, hvað stjórn Lögmannafélagsins ætlast til, að ég leggi fram á þeim fresti, sem gefinn er í bréfi þess. Ég tek það þó á þann veg, að hún óski eftir umsögn minni um þau atriði, sem fram koma í bréfi Jóns og stangast á við lýsingu mína á málinu. Mun ég gera það eftir bestu getu.“

Í framhaldi er umsögn stefnanda.

Bréfi þessu fylgdi svohljóðandi yfirlýsing frá eiginmanni stefnanda, Sigurbirni Björnssyni, dags. 13. febrúar 1979:

„Ég votta það hér með, að það samkomulag, er varð á milli mín og eigin konu minnar þáverandi Ingólfinu Eggertsdóttur, til heimilis að Nesvegi 59, um skiptinug eigna okkar varð ekki fyrir milligögnu lögmannna eða að þeirra tilstuðlan.

Jón Oddsson, hrl., hafði ég aldrei séð eða við hann talað fyrr en við

hjónin undirrituðum skilnaðar— og eignaskiptasamning á skrifstofu lögmannsins 19. apríl 1978.“

Hinn 22. febrúar 1979 ritaði skrifstofa Lögmannafélagsins bréf til stefnanda, þar sem skýrt er frá því, að á fundi stjórnar félagsins daginn áður hafi kærúmál stefnanda verið á dagskrá og ákveðið hafi verið að leggja fyrir gjaldskrárnefnd félagsins að láta í té vottorð um, hver skuli vera réttmæt þóknun stefnda fyrir störf hans í þágu stefnanda.

Á fundi sínum 24. apríl kemst gjaldskrárnefndin að þeirri niðurstöðu, að hæfileg þóknun til stefnda teljist kr. 100.000 auk útlagðs kostnaðar.

Hinn 30. apríl ritar stefndi Lögmannafélaginu bréf og kveður sig ekki hafa fengið önnur gögn um kærúmál stefnanda til umfjöllunar en ljósrit af kærubréfi hennar og kveðst telja mikilsvert, að hann fái að sjá ljósrit af gögnunum, áður en málið fái meðferð hjá gjaldskrárnefndinni, og tækifæri til þess að tjá sig um þau.

Stjórn Lögmannafélagsins kom saman 2. maí til fundar og tók m. a. fyrir kærúmál stefnanda. Í fundargerð segir eftirfarandi um kærumálið:

„Svohljóðandi álitserð samþykkt:

Með bréfi, dagsettu 17. janúar 1979, fer Ingólfina Eggertsdóttir þess á leit við Lögmannafélag Íslands, að það gefi álit á reikningi Jóns Oddssonar, hrl., dagsettum 14. nóv. 1978, að fjárhæð kr. 501.725.- vegna starfa hans í sambandi við skilnað hennar. Hafa félaginu borist greinargerðir frá báðum aðilum.

Skv. heimild í 11. gr. samþykkt fyrir Lögmannafélag Íslands sendi stjórnin erindið til umsagnar gjaldskrárnefndar félagsins, og fellst stjórnin á ályktun nefndarinnar.

Á l i t s g e r ð:

Þóknun Jóns Oddssonar hrl. vegna framangreindra starfa telst hæfilega ákveðin kr. 100.000.- auk útlagðs kostnaðar.“

Hinn 23. maí 1979 ritar stefnandi formanni Lögmannafélagsins bréf og kveðst nú hafa fengið í hendur bréf stefnanda frá 20. febrúar, sem hann hafi ekki vitað um, þegar honum hafi borist tilkynning um ákvörðun stjórnar Lögmannafélagsins að vísa kærumálinu til gjaldskrárnefndar. Hann telur meðferð kærumálsins mjög vítaverða og í bréfi stefnanda frá 20. febrúar úi og grúi af ranghermi. Stefnandi skýri ekki rétt frá málum, eins og yfirlýsing Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem bréfinu fylgdi, beri með sér. Þá kveður stefndi yfirlýsingu Sigurbjarnar Björnssonar frá 13. febrúar vera ranga. Stefnandi óskar eftir því að fá upplýst nokkur atriði, sem hann telur upp, áður en hann skili endanlegri greinargerð. Stefnandi óskar síðan eftir því að fá að koma að greinargerð í kærumálinu.

Framangreind yfirlýsing Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 23. júní 1979 (sic) er svohljóðandi:

„Skv. beiðni hrl. Jóns Oddssonar vottast hér með eftirfarandi:

Í apríl—mánuði 1978 kom að máli við mig hr. Sigurbjörn Björnsson, þá til heimilis að Nesvegi 59, Reykjavík. Hafði hann meðferðis drög að skilnaðarskilmálum vegna væntanlegs skilnaðar hans og Ingólfínu Eggertsdóttur. Sagði hann drög þessi gerð af hrl. Jóni Oddssyni skv. fyrirsögn eiginkonunnar.

Beiddist hann þess, að ég kannaði skilmála þessa og réði honum heilt vegna málsins.

Ég lét í ljósi þá skoðun mína, að skilmálar þessir væru vægast sagt ósanngjarnir fyrir hann, og varð að ráði, að hann ihugaði málið nánar og kæmi á minn fund tveimur dögum síðar, sem hann og gerði.

Tók ég málið að mér fyrir hann.

Í þessu sambandi hafði ég nokkrum sinnum samband við hrl. Jón Oddsson og tjáði honum skoðanir mínar á lausn þessa skilnaðarmáls, voru í engu samræmi við áðurgreind drög.

Nokkrum dögum síðar fékk ég þær upplýsingar hjá Jóni, að þau Sigurbjörn og Ingólfína hefðu komið á skrifstofu hans og undirritað skilnaðarskilmála, sem að mestu voru í samræmi við uppkastið.

Það skal tekið fram, að mér var um það kunnugt, að Jón reyndi þrásinnis að hafa samband við mig, áður en undirskriftir fóru fram, en án árangurs, enda munu báðir aðilar hafa lagt á það ríka áherzlu, að gengið yrði þegar í stað frá málinu á þessum grundvelli, að því er hrl. Jón Oddsson hefur tjáð mér.

Umbj. m., Sigurbjörn Björnsson, hef ég ekki séð síðan.

Virðingarfyllt,
Kristinn Einarsson“

Með bréfi, dags. 28. maí 1979, tilkynnir skrifstofa Lögmannafélagsins stefnda, að á fundi stjórnar félagsins 23. maí hafi hún ákveðið að endurupptaka kærumálið og gefa stefnda kost á því að skila endanlegri greinargerð um þá þætti starfa hans í þágu kæranda, sem hann telji ekki nægilega upplýsta í fyrirliggjandi gögnum.

Stefndi ritar þessa greinargerð 6. júní 1979.

Hinn 20. júní 1979 samþykkti stjórn Lögmannafélagsins samhljóða eftirfarandi álitserð um kæruefnið:

„Þóknun Jóns Oddssonar, hrl., vegna framangreindra starfa telst hæfilega ákveðin kr. 164.000.- auk útlagðs kostnaðar.“

Stefndi hefur greinilega ekki viljað sætta sig við þessa niðurstöðu, því

að 2. júlí 1979 ritar hann stefnanda bréf og krefur hana um greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.925.000 auk vaxta og kostnaðar, kr. 9.013.000.

Stefnufjárhæðin í þessu máli er því þannig fundin, að stefnandi dregur frá þeim kr. 500.000, sem eiginmaður hennar greiddi til stefnda, fjárhæð þeirrar þóknunar, sem stjórn Lögmannafélagsins taldi honum hæfilega, kr. 164.000, og enn fremur útlagðan kostnað, kr. 16.925, og standa þá eftir kr. 319.075.

Aðiljar málsins komu fyrir dóminn 9. apríl sl. og gáfu skýrslu.

Stefnandi skýrði m. a. svo frá, að þau hjónin hefðu ekki rætt skiptingu eigna sinna, áður en hún sneri sér til stefnda, að öðru leyti en því, að hún hefði tjáð eiginmanni sínum, að hún mundi fara fram á ýtrustu fjárkröfur, sem hún ætti lagalegan rétt til. Hún hefði og tjáð honum, að hún vildi fá íbúð þeirra í sinn hlut. Eiginmaður sinn hefði verið með tvískinnung varðandi skilnaðinn, ýmist hefði hann ekki viljað, að skilnaðurinn færi fram, eða hann hefði gert sér grein fyrir því, að hann væri óumflýjanlegur. Stefnandi kvað eiginmanninn ekki hafa tekið beina afstöðu til þess, sem hún hefði rætt um fjármálin.

Stefnandi kvaðst alls hafa rætt við stefnda á skrifstofu hans í fimm skipti. Stefnandi kvaðst ekki minnst þess, að á þessum tíma hafi hún haft samband við lögmanninn símléiðis. Stefnandi kvaðst viss um, að eiginmaður sinn hefði ekki haft samband við lögmanninn fyrir þann tíma, að skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir, og sagði til marks um það, að hún hafi vel vitað um ferðir eiginmanns síns og eins hafi það ekki leynt sér, að hann og stefndi hefðu verið að hittast í fyrsta skipti, þegar undirritun skilmálanna fór fram. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa komið á heimili sitt til þess að skoða eignir búsin, áður en skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir. Eftir þann tíma hefði hann komið til þess að skoða íbúðina, sem hann hefði verið með í sölu um skeið.

Stefnandi sagði, að á fyrsta fundi sínum og stefnda hefði hún spurt hann um, hver réttarstaða sín væri varðandi eignaskiptin, einkum hvað snerti íbúðina, sem hún hafi viljað fá í sinn hlut. Auk þess hafi margt borið á góma varðandi skilnaðinn. Á þessum fundi hafi hún strax greint frá því, hvaða kröfur hún ætlaði að gera.

Á næsta fundi hafi sömu atriði borið á góma og á hinum fyrsta.

Á þriðja fundinum hafi stefndi samið uppkast að skilnaðarskilmálum og hafi það uppkast verið í samræmi við þær kröfur, sem stefnandi kvaðst upphaflega hafa viljað gera, að öðru leyti en því, að hún hafi lækkað þá peningagreiðslu, sem hún hafi haft í hyggju að fá frá eiginmanni sínum úr kr. 1.000.000 í kr. 500.000.

Með þetta uppkast kvaðst stefnandi hafa farið og sýnt eiginmanni sínum. Hann hafi ekki haft aðrar athugasemdir við það en þær, að hann hafi

viljað, að tekið yrði skýrt fram, að hlutabréf í Nýju sendibílastöðinni væru tvö og yrðu bæði áfram í sinni eign, en í uppkastinu hafi verið tekið fram, að hlutabréf hans í því fyrirtæki yrðu áfram í hans eign. Sömuleiðis hafi eiginmaðurinn viljað, að tekið yrði fram, að fjárhæð, sem þau hafi skuldað Reykjavíkurborg, sem verið hafi lág og veðtryggð í íbúðinni, væri meðal áhvilandi skulda, en þessi fjárhæð hafi ekki komið fram í upptalningu skulda í uppkastinu. Í síðari gerð skilmálanna hafi verið komið á móts við þessa athugasemd með því að taka fram, að stefnandi greiddi allar áhvilandi veðskuldir á íbúðinni.

Stefnandi sagði, að á fjórða fundi sínum og stefnda hafi uppkastinu verið breytt, hvað snerti tvö framangreind atriði, og það endurritað. Með uppkastið þannig breytt hafi hún farið og sýnt eiginmanni sínum. Eiginmaðurinn hafi samþykkt að undirrita skilmálana svo breytta og hafi þau farið saman til stefnda 19. apríl og undirritað samninginn. Sá fundur hefði staðið mjög stutt. Stefnandi kvaðst ekki geta sagt vel til um það, hversu lengi aðrir fundir hefðu staðið, en þeir hefðu staðið nokkuð lengi, einkum fjórði fundurinn, en þá hafi þurft að vérlita uppkastið upp á nýtt.

Fundirnir hafi þó alls ekki staðið klukkustundum saman.

Við fyrirtöku skilnaðarmálsins mætti stefnandi fyrir eigin hönd, en stefndi mætti fyrir hönd eiginmannsins.

Stefndi skýrði m. a. svo frá, að hann þyrði ekki að segja um, hversu oft stefnandi hefði komið á skrifstofu sína, en það hefði verið nokkuð oft. Auk þess hefðu þau mörgum sinnum talast við í síma. Þá hafi eiginmaður stefnanda komið einn hins liðs á skrifstofuna einum þrisvar sinnum. Eiginmaðurinn hafi gert kröfu til þess, að skilnaðinum yrði frestað, og ef ekki, að eignum búsins yrði skipt að jöfnu. Eftir að eiginmaðurinn hafi tilkynnt sér, að Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður mundi gæta hagsmuna sinna, kveðst stefndi hafa nokkrum sinnum átt viðræður við Kristín. Stefnandi kvaðst muna, að hann hefði farið heim til stefnanda til að skoða íbúðina og skrá niður eitthvert yfirlit yfir lausafé þegar í byrjun málsins.

Stefndi kvað lýsingu stefnanda á gerð uppkasta að skilnaðarskilmálunum rétta í helstu atriðum. Eiginmaður stefnanda og lögmaður hans hefðu mót-mælt skilmálum í fyrsta uppkastinu, en sig minnti, að stefnandi hefði gert kröfu til þegar í upphafi að fá svo til allar eigur búsins eftir að hafa leitað upplýsinga um, hvernig bæri að haga sér við búskipti. Stefnandi hafi síðan gert nokkurn veginn sömu kröfur frá upphafi til enda og hafi þær verið teknar til greina við undirritun skilnaðarskilmálanna. Afstaða eiginmannsins hafi legið fyrir, nokkru eftir að uppkastið var gert, þá hafi hann fallið frá mótmælum sínum að mestu leyti. Það hafi þó ekki verið ljóst, fyrr en skilnaðarskilmálarnir voru undirritaðir, að eiginmaðurinn væri fallinn

frá mótmælunum. Mikið umstang hafi verið í kringum þetta mál og margt fleira hafi þurft að ræða en eignaskipti.

Stefndi kvað íbúð, sem kom í hlut stefnanda, hafa verið til sölu á fasteignasölu sinni og hafi verið sett á hana verð kr. 20.000.000.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að í stórum dráttum fari saman lýsingar aðilja á þeirri aðstoð, sem stefndi lét stefnanda í té, og umfangi hennar. Að vísu sé ágreiningur um það, hvort aðiljarnir hafi ræðst við í síma á þessum tíma og hvort eiginmaður stefnanda hafi komið sérstaklega á skrifstofu stefnda. Þá sé og ágreiningur um, hvort stefndi hafi skrifað upp eigur búans, en um það liggi engin gögn fyrir. Ósannað sé, að störf stefnda hafi verið umfangsmeiri en stefnandi segi. Ekki sé ágreiningur um það, að eiginmaður stefnanda hafi leitað til Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns, en eins og fram komi í vottorði lögmannsins, hafi atbeini hans engin áhrif haft á niðurstöðu skilnaðarskilmálanna. Stefndi hafi samið skilnaðarskilmálana, sem í öllum aðalatriðum hafi verið í samræmi við það, sem stefnandi hafi upphaflega hugsað sér um þá. Engar efnisbreytingar hafi verið gerðar á því uppkasti að skilmálunum, sem stefndi hafi upphaflega ritað. Þetta hafi stefndi meira og minna staðfest í framburði sínum fyrir dóminum.

Stefnandi hafi talið reikning stefnda fyrir þessa aðstoð allt of háan. Stefndi telji einnig þóknun þá, sem stjórn Lögmannafélags Íslands telji hæfilega, einnig allt of háa, en við ályktun stjórnarinnar hafi stefnandi þó ætlað að sætta sig andstætt því, sem stefndi geri.

Deiluefni aðilja, eins og kröfur séu fram settar, snúist því í raun um það, hvort hæfileg þóknun til stefnda nemi hærri fjárhæð en þeirri, sem stjórn Lögmannafélags Íslands hafi ályktað um.

Aðiljar málsins hafi ekki gert samning um það fyrirfram, hver þóknun til stefnda skyldi vera fyrir vinnu hans. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur sé lögmonnum rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín. Þessi regla hafi og stuðning í 5. gr. laga nr. 39/1922. Gjaldskrá Lögmannafélags Íslands komi til skoðunar, þegar ákveða skuli, hvað sé hæfilegt endurgjald, svo og almenn framkvæmd lögmannna á henni. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 61/1942 eigi lögmennt að hafa með sér félag og í 8. gr. laganna segi, að stjórn þess hafi úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstarf, ef ágreiningur um það sé borinn undir hana. Ályktun stjórnar Lögmannafélagsins frá 20. júní 1979 sé ekki úrskurður í skilningi 8. gr., heldur sérfræðileg ályktun um það, hvað skuli teljast hæfileg þóknun. Þessari ályktun hafi stefndi ekki hnekkst og engin gögn lagt fram gegn henni. Því beri að leggja hana til grundvallar niðurstöðu í málinu. Þessi

álitsgerð sé að vísu ekki í samræmi við ákvæði gjaldskrár LMFÍ, sem í gildi hafi verið á þessum tíma, heldur sé þóknunin verulega hærri en gjaldskráin kveði á um, en gæta verði þess, að um lágmarksgjaldskrá sé að ræða. Hugsanlegt sé, að tillit hafi verið tekið til þess, að fundir aðilja hafi verið allmargir. Því sé eindregið mótmælt, að 15. gr. gjaldskrárinnar eigi hér við og einnig að brúttóverðmæti eigna búsinns hafi verið kr. 20.000.000. 15. gr. eigi aðeins við, þegar um sé að ræða umfangsmikla samninga um eignaskipti, en ekki, þegar eignaskiptin gangi nær sjálfkrafa fyrir sig, eins og verið hafi í þessu máli.

Stefndi.

Stefndi heldur því fram, að vinna sú, sem hann innti af höndum í þágu stefnanda, hafi verið mjög tímafrek. Þegar stefnandi hafi fyrst komið til sín, hafi hún ekki vitað, hvað gera skyldi varðandi eigur búsinns. Stefndi kvaðst hafa mótað kröfur stefnanda um eignaskiptin með tilliti til óska hennar. Stefnandi hafi enga fyrirsögn gefið í þeim efnunum. Niðurstaða eignaskiptanna hafi verið í samræmi við þær kröfur, sem stefndi hafi mótað, en ekki að fyrirsögn stefnanda. Fyrir utan þau störf, sem stefnandi lýsi, að stefndi hafi innt af höndum, séu viðtöl hans við eiginmann stefnanda og lögmann eiginmannsins, Kristin Einarsson hæstaréttarlögmann, svo og símtöl við stefnanda. Vottorð eiginmannsins sé rangt og þess hafi verið aflað í því skyni að hafa áhrif á ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands. Þá hafi verið nauðsynlegt að kanna eigur og skuldir búsinns, þegar upp hafi komið ágreiningur um skipti þess.

Sú þóknun, sem stefndi geri kröfu til, sé í fullu samræmi við lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands og eftir henni séu lögmennt skyldugir að fara. Ekki sé ofætlað, að þær eigur, sem komu í hlut stefnanda, hafi verið kr. 20.000.000 að brúttóverðmæti. Samkvæmt 15. gr. gjaldskrárinnar eigi lögmennt rétt á að áskilja sér þóknun, sem nemi 2 — 4% af brúttóverðmæti eigna, sem þeir þurfi að skipta, eins og í því tilviki, sem hér um ræði. Stefndi hafi talið eðlilegt, að þóknun samkvæmt 16. gr. gjaldskrárinnar væri mun hærri en sú lágmarkspóknun, sem þar sé miðað við, vegna þess að skilnaðarmálið hafi verið umfangsmikið. Reikningur stefnda sé því í fullu samræmi við gjaldskrána, honum hafi ekki verið hnekk og beri því að taka hann til greina að fullu.

Ályktun stjórnar Lögmannafélagsins hafi enga þýðingu í þessu sambandi. Hún sé óstaðfest, án rökstuðnings og í ósamræmi við gjaldskrána.

Stefndi rökstuddi ekki þau mótmæli gegn kröfu stefnanda um greiðslu vaxta, sem fram koma í greinargerð stefnda.

Forsendur og niðurstaða.

Deilan í máli þessu er í raun um það, hvort stefnandi beri að greiða stefnda hærri upphæð en kr. 1.640.00 fyrir aðstoð hans við stefnanda, þegar

hún skildi að borði og sæng, og gerð skilnaðarskilmála auk kostnaðar, sem stefndi greiddi, samtals kr. 169.25, en í sjálfu sér er ekki deilt um þá fjárhæð.

Í málinu hefur í stórum dráttum verið upplýst, um hvaða vinnu stefnda var að ræða, en ágreiningur er á milli aðilja um einstök atriði, er snerta umfang vinnunnar. Þá hafa aðiljar skiptar skoðanir á því, hvert umfang vinnunnar hafi verið í heild. Þótt þessi einstöku atriði séu óupplýst, verður ekki talið, að þau séu þess eðlis, að verulegu máli skipti við mat á því, hvort stefnanda beri hærri þóknun en að framan greinir.

Búskipti þau, er fram fóru, þykja hafa verið með þeim hætti, að ástæðulaust sé að taka tillit til 15. gr. þeirrar gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, sem í gildi var, þegar búskiptin fóru fram, þegar metin er hæfileg þóknun til stefnanda fyrir vinnu hans.

Samkvæmt 16. gr. þessarar gjaldskrár var lágmarksþóknun fyrir aðstoð við hjónaskilnað og gerð skiptagernings, samtals gkr. 54.700. Með hliðsjón af þessari grein gjaldskrárinar þykja ekki efni til að ákveða stefnda hærri þóknun en kr. 1.640.00 auk útlagðs kostnaðar, kr. 169.25. Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda að fullu til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Oddsson, greiði stefnanda, Ingólfinu Eggertsdóttur, kr. 3.190.75 með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.